

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1003

Dagsetning: 7. nóvember klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Guðlaug Unnur Þorsteinsdóttir, Jónas Guðmundsson, Nanna Sigríður Kristinsdóttir, Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir, Sigríður Dóra Magnúsdóttir, Sigurborg Jónsdóttir og Brjánn Jónasson, sem ritaði fundargerð.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 31. október 2023 samþykkt samhljóða.

2. Fundir á næstunni

Farið var yfir fundi framkvæmdastjórnar í vikunni.

3. Aukið samstarf stöðva

Rætt um hvernig aukið samstarf heilsugæslustöðvanna Efstaleiti og Glæsibæ hefur gengið og næstu skref.

4. Húsnæðismál

Umræður um stöðuna á ýmsum húsnæðismálum. Geðheilsuteymi ADHD flytur úr Glæsibæ í Vegmúlann í vikunni. Við það skapast svigrúm til að bæta við rými fyrir Heilsugæsluna Glæsibæ til að auka möguleika á samstarfi við Heilsugæsluna Efstaleiti. Rætt um nýtt húsnæði fyrir Heilsugæsluna Miðbæ en nú styttest í að hægt verði að auglýsa. Viðræður hafa verið í gangi við eiganda húsnæðis í Skógarhlíð 18 um að leigja laust rými á jarðhæð fyrir Heilaörvunarmiðstöðina. Rætt um framtíðarstaðsetningu Upplýsingamiðstöðvar HH og skrifstofu HH. Áfram er unnið að því að fá viðbótarhúsnæði fyrir Heilsugæsluna Garðabæ.

5. Fjárhagstaða og samningar

Rætt um stöðuna á fjármálum HH. Staðan er almennt góð. Eftir er að ganga frá fjármögnun fjögurra eininga, og er unnið að því í heilbrigðisráðuneytinu. Það eru Upplýsingamiðstöð, Heilsubrú, Heilaörvunarmiðstöð og Samhæfingarstöð krabbameinsskimana. Unnið er að áætlunum fyrir næsta ár hjá einstökum einingum HH. Upplýst er að samningar um endurnýjun bílafloata HH eru á lokametrunum.

6. Árshátíð HH 2024

Kostnaðaráætlun er ekki tilbúin og umræðu því frestað til næsta fundar.

7. Fjarvinnustefna HH

Drög að fjarvinnustefnu voru rædd og samþykkt með lítilsháttar breytingum.

8. Starfsfólk í landsliðsverkefnum

Rætt um hvaða stefnu eigi að marka varðandi starfsfólk í landsliðsverkefnum. Framkvæmdastjórn telur að meta þurfi hvert erindi fyrir sig en er almennt jákvæð gagnvart því að starfsfólk fái svigrúm til að sinna landsliðsverkefnum.

9. Starfsmannamál

Umræður um ýmis starfsmannamál.

10. Áhættumat og hótanir í garð starfsfólks

Rætt um viðbrögð vegna hótana í garð starfsfólks. Mannauðssviði falið að yfirfara verkferla.

11. Lágmarksmönnun á starfsstöðvum

Rætt um lágmarksmönnun á starfsstöðvum. Mannauðssviði falið að fara yfir þau gögn sem eru til og vinna málið áfram.

12. Félagsráðgjafar hjá HH

Rætt um hvernig hefur gengið að ráða félagsráðgjafa og hvernig þeir hafa nýst á heilsugæslustöðvum. Almennt ánægja með félagsráðgjafa sem hafa verið ráðnir til starfa. Málið verður skoðað áfram og kannað hvort hægt verður að bjóða upp á miðlæga þjónustu félagsráðgjafa.

13. Ráðning gæðastjóra

Umræðu frestað.

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 11:55.